

# Fundur í sameiningarnefnd 4. febrúar 2019.

Haldinn í Skagabúð kl. 14:00.

Mætt: Þorleifur Ingvarsson, Einar K. Jónsson, Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Magnús Björnsson, Valdimar Hermannsson, Guðmundur Haukur Jakobsson, Anna Margret Sigurðardóttir, Þóra Sverrisdóttir (áheyrnarfulltrúi), Alexandra Jóhannesdóttir, Halldór G. Ólafsson, Kristín B. Leifsdóttir, Ragnildur Haraldsdóttir. Guðný Sverrisdóttir og Svanfríður Jónasdóttir frá Ráðrík ehf. mættu á fundinn.

Dagskrá:

1. Til afgreiðslu. Fundargerð sjötta fundar sameiningarnefndar frá 1.10.2018.
2. Til kynningar. Fundargerðir framkvæmdaráðs um sameiningu frá 25.10.2018, 7.11.2018 og 7.01.2019.
3. Drög að málefnasamningi og samfélagssáttmála unnin af ráðgjöfum Ráðrík ehf.
4. Staða verkefnisins og næstu skref.
5. Önnur mál.

Þorleifur setti fund og stjórnaði honum. Fundargerð ritaði Dagný Rósa Úlfarsdóttir.

## **1. Til afgreiðslu. Fundargerð sjötta fundar sameiningarnefndar frá 1.10.2018.**

Fundargerð lögð fram og hún samþykkt án athugasemda.

## **2. Til kynningar. Fundargerðir framkvæmdaráðs um sameiningu frá 25.10.2018, 7.11.2018 og 7.01.2019.**

Þrjár fundargerðir framkvæmdaráðs lagðar fram.

Framkvæmdaráð fór og hitti Sigurð Inga Jóhannsson, samgöngu og sveitarstjórnaráðherra og Ásmund Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra ásamt embættismönnum úr ráðuneytum 23. janúar sl. Ýmis mál rædd þar en ekkert fast í hendi að hálfu ríkisins, eingöngu bent á almennar aðgerðir ríkisins.

Almennar umræður spunnust um ýmis mál, s.s. Húnavallaskóla, framtíðarhorfur og ný verkefni fyrir húsnæðið þar, framtíð landbúnaðar í sveitarfélaginu og atvinnumálin og samgöngumálin þar í samhengi, Blönduvirkjun, orkunýtingu og framtíðarmöguleika þar.

## **3. Drög að málefnasamningi og samfélagssáttmála unnin af ráðgjöfum Ráðrík ehf.**

Svanfríður og Guðný kynntu drög að málefnasamningi og samfélagssáttmála sem þær hafa unnið upp úr fyrirbyggjandi gögnum. Þar eru settar fram hugmyndir um stjórnarsýsluskipulag í nýju sveitarfélagi og eins er búið að skipta málefnum sveitarfélaganna upp í nokkra flokka sem sjá má fyrir sér sem málefnaflokkar. Þá eru drög að samfélagssáttmála sem snúa að skólamálum, íþrótt- og æskulýðsmálum, íbúalýðræði, félagsþjónustu, þjónustu við eldri borgara, húsnæðismálum, íbúalýðræði og rafrænni stjórnarsýslu.

Almennar umræður urðu um drögin en þar eru margar hugmyndir/tillögur sem hægt er að útfæra og vinna betur með.

#### **4. Staða verkefnisins og næstu skref.**

Ljóst er að ekki verður kosið um sameiningu í vor eins og stefnt var að í upphafi. Til þess að hægt sé að kjósa, þarf að vinna betur að málinu í heild. Umræður urðu um hver aðkoma hins opinbera verði og hversu lengi eigi að bíða eftir svörum þaðan en þegar þau fást verði hægt að fullvinna málefnskrá, kynna hana í sveitarstjórnnum og fyrir íbúum og kjósa í framhaldinu. Enn liggur ekki fyrir hver aðkoma Jöfnunarsjóðs verður að sameiningunni en það ætti að liggja fyrir á næstu vikum. Miklar umræður sköpuðust um stöðu verkefnisins og framtíðarsýn.

Niðurstaða fundarins er að ekki sé tímabært að kjósa haustið 2019. Nefndin er sammála um að kosið verði um sameiningu sveitarfélaganna síðari hluta kjörtímabilsins, þ.e. 2020 eða í síðasta lagi 2021 og verði sameining samþykkt, taki ný sveitarstjórn við 2022 eftir almennar sveitarstjórnarkosningar. Tímenn fram að því þarf að nota til að vinna SVÓT fyrir alla málaflokka sem koma fram í drögum að málefnasamningi og einnig þarf framtíðarsýn fyrir A- Hún að liggja fyrir. Fá þarf fram með skýrari hætti aðkomu ríkisvaldsins að verkefnum á svæðinu og stefnumörkun til framtíðar í málefnum héraðsins.

#### **5. Önnur mál.**

Stefnt að næsta fundi nefndarinnar í mars.

Fundi slitið kl. 16:00.

Dagný Rósa Úlfarsdóttir.